

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1940.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 24. júní 1940, nr. 117.

Lög um verðlag, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 2. júlí 1940, nr. 118.

Bráðabirgðalög um fjarskipti, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 5. júlí 1940, nr. 119.

Bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 8. júlí 1940, nr. 120.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, undirskrifuð sama dag, nr. 121.

Bréf fjármálaráðuneytisins til töllyfirvalda, um undanþágu frá 102 ákvæðum 12. gr. tollskrárlaganna. 30. maí

Hér með er yður tjáð, að ráðuneytið hefir, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. tollskrárlaganna, ákveðið að veita fyrst um sinn og þar til öðruvísi verði ákveðið, þá undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að þegar um er að ræða ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitir vörur, skuli við ákvörðun verðtolls af vörum þessum, ef viðtakandi hefir afhent til tollmeðferðar innkaupsreikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hvorrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis, og er þetta t. d. rétt að gera með venjulegum hlutfallsreikningi en til þess að sjáist við hvað sé átt með þeim reikningi, skal tekið þetta einfalda dæmi, sem getur átt hér við:

Samanlagt ósundurliðað flutningsgjald, váttrygging og vörumiðlun:

kr. 560.20

Vörutegundir í sendingunni.	Verð varanna á sölu- stað.	Niðurstaðan af þrilið- unni.	Flutnings- kostnaður- inn sundur- liðaður.	Verð varanna á sölu- stað.	Toll- verð varanna.
Netagarn	(2 %) 602.20	. 0.2701	= 162.65	+ 602.20	= 764.85
Glóðarnet	(8 %) 423.10	. —	= 114.28	+ 423.10	= 537.38
Hörlérefit	(10 %) 158.37	. —	= 42.78	+ 158.37	= 201.15
Ullarfataefni	(15 %) 270.30	. —	= 73.01	+ 270.30	= 343.31
Vaxdúkur	(30 %) 333.68	. —	= 90.13	+ 333.68	= 423.81
Burðarnet	(40 %) 286.33	. —	= 77.34	+ 286.33	= 363.67
	2073.98		560.19	2073.98	2634.17

207398) 56020.0000 (0.2701

414796

1454040

1451786

225400

207398

18002

102 Reikna skal dæmið þangað til komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna, nema
30. maí dæmið hafi gengið upp áður. Þegar komnir eru fjórir tugastafir í niðurstöðuna skal hækka fjórða tugastafinn um 1, ef afgangurinn er helmingur deilisins eða meira, annars ekki.

Undanþága þessi verkar ekki aftur fyrir sig.

103
2. apríl

S A M Þ Y K K T

um bann gegn dragnótaveiðum innan Sauðárkróks- og Hofsóshafna.

1. gr.

Dragnótaveiðar eru með öllu bannaðar innan Sauðárkrókshafnar, sem tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness, innan beinnar línu, sem hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann á Hegranesi, og innan Hofsósshafnar, sem takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 500 metra vestan við Naustaklett og að norðan og sunnan af tveim línunum hornrétt á þá línu að norðan um Naustaklett og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

2. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á hafnarsvæðunum, skal þó heimilt að nota dráttarnætur og draga þær á land.

Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land svo sem tíðkamt hefir, eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og veiða síld í herpinót, þó til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur á hafnarsvæðunum, sem fást við vísindalegar rannsóknir.

3. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari, upphæð sektarfjár og meðferð þess fer eftir ákvæðum 3., 4., 5. og 6. gr. laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi nr. 45 frá 13. júní 1937.

4. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal reka sem opinber lög-reglumál.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 26 12. febr. 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 2. apríl 1940.

Sigurður Sigurðsson.